

13. FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN 2022-2023

20. MARS 2023, KL. 11:15 – 12:45 FJARFUNDUR

MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir, Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Björg Helgadóttir, Bragi Bergsson, Guðrún Nína Petersen, Kristín Hermannsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Torfi Geir Hilmarsson, Una Bjarnadóttir, Unnur Magnúsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Gestir: Brynja Guðjónsdóttir og Ingunn H. Hauksdóttir, endurskoðendur frá EY, Friðþjófur Árnason og Ólafur Eggertsson, stjórn Kjaradeilusjóðs og Runólfur Vigfússon, lögfræðingur FÍN

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:17.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

a) 20. febrúar 2023.

Afgreiðsla: Samþykkt með breytingum RV á lið 3a.

b) 6. mars 2023.

Afgreiðsla: Samþykkt án athugasemda.

2. Nýir félagsmenn

Sex einstaklingar sóttu um fulla aðild að félaginu.

Afgreiðsla: Samþykkt.

3. Beiðni um greiðslu lögfræðikostnaðar vegna áfrýjunar

RV kynnti. Formaður leggur til að stjórn FÍN samþykki að heimila lögmanni FÍN að fara áfram með málið til Landsréttar.

Afgreiðsla: 16 sögðu já, enginn var á móti, enginn sat hjá.

RV vék af fundi.

4. Ársreikningar FÍN, Kjaradeilusjóðs og Vísindasjóðs FÍN

BG og IHH, endurskoðendur hjá EY fóru yfir ársreikninga FÍN, Kjaradeilusjóðs og Vísindasjóðs.

Ársreikningar hafa verið sendir í rafræna undirritun.

BG, IHH, FÁ og ÓE viku af fundi.

5. Lagabreytingatillögur

MHH lagði til að stjórn FÍN muni leggja tillögu fyrir aðalfund FÍN í samræmi við umræður á fundinum.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

6. Skýrsla stjórnar

MHH óskaði eftir athugasemdum eða spurningum um skýrslu stjórnar sem aðgengileg er á svæði stjórnar. Frestur til að gera athugasemdir er til og með 21. mars nk.

7. Tilnefning í sjóði BHM

MHH lagði til að tilnefna RV í stjórn Styrktarsjóðs BHM. Ekki verður boðið fram í aðrar lausar stöður í stjórnnum sjóða.

Afgreiðsla: Samþykkt

8. Önnur mál

- a) Næsti fundur 3. apríl 2023, staðfundur, en aukafundur boðaður verði ástæða til.
- b) Rætt um að setja þurfi reglur um framkvæmd og lengd bæði Teams- og staðfunda.
- c) ÞH upplýsti að búið er að endurskoða reglur BHM um þóknunareiningar þar sem farið er yfir greiðslur fyrir akstur innanbæjar og greiðslu ferðakostnaðar fyrir þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Framkvæmdastjórn mun skoða nýjar reglur BHM á fyrsta fundi eftir aðalfund.
- d) Fundarritari aðalfundar FÍN verður SHJ. Óskað er eftir að RV taki að sér fundarstjórn.
- e) ÞH óskaði eftir að aðalfundur FÍN verði færður aftur um 30 mínútur til 17:30.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 13:14.